

EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

Dags. eftirlits: 5/6 2018

Nafn fyrirtækis: Landsvirkjun

Fjöldi klst: 8

Tengiliður fyrirtækis: Einar Erlingsson

Framkvæmdasvæði: Búrfellsvirkjun II

Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, frágangur náma og vinnusvæða.

Ábendingar:

Farið var um framkvæmdasvæðið og helstu námur. Áður hafa komið fram ábendingar um flest þessara svæða. Nýjar ábendingar varða frágang á gömlu haugsvæði neða við aðkomugöng að Búrfelli I. Þarna mætti móta syðri hrygg á sambærilega hátt og sjá má í skriðikeilu ofan slóðar að aðkomumunna. Keilan er fremur flöt og rúnnað, þetta form gæti hentað í raun í hryggi bæði sunnan og norðan við geil í haugnum. Reyna ætti að láta hrunkeilur og geil stemma við gil og keilur ofan slóðar. Fjarlægja aðkomuveg að haugsvæðinu, færa efnishauga meðan við hrygginn og draga plan inn í keilurnar.

Almennt: Foraðst skal að grjóthreinsa fráeggnin svæði og mynda rastir. Ekki skal hylja staksteina og grófa mól heldur grafa staksteina að hluta ef slíkir steinar eru í næsta nágrenni.

Varðandi skeringar við frárennisliskurð. Þarna ætti að rúnna efri brún skeringa og með þeim hætti draga úr hættu á vindrofi úr skeringunni. Hafa samráð um frágang skeringa, þ.e. hvort betra sé að hafa skeringa óklappaðar vegna sáningar.

Haugsvæði við inntak: Þarna ætti að leitast við að frambrún haugsins verði ekki samfelld skering. Halli ætti ekki að vera meiri en 1:3 og gjarnan breytilegur. Vel gæti farið á því að þekja malarhryggi við frambrún haugsins þannig að gróft efni í haugnum stingi síður í stúf við malarhryggina, halda gildragi inn í frambrúnina og grafa stærstu steinana í frambrún haugsins.

Náma við Ísakot: Fjarlægja námuveg samsíða þjóðvegi fær það sem eftir verður af plani að óröskuðum hryggjum framan við námustál sem verður óhreyft um miðbik námunnar. Eyða ummerkjum um akstur ofan námunnar og leggja áherslu á að snyrta vel hryggi sem mynda frambrún námunnar með frambrún námuplans sem mætti verða með halla 1:2 – 1:3.

Þar sem efnistöku telst lokið ætti að draga saman námuvegi eða fjarlægja alveg. Þar sem sáning er fyrirhuguð ætti að sá í námuvegina. Einnig ætti að eyða öllum ummerkjum um akstur ofan við námunnar og mætti gjarnan nýta hluta af ofanafýtingu til frágangs á þessum svæðum.

Halda ætti námuvegi og plani við Hjálparfoss aðskildum. Við veginn ætti að jafna úr hlössum, en gæta þess að nýta lægð ofan við hlössin til að draga sem best úr efninu. Grafa ætti vatnsnúna hnullunga sem stinga í stúf við umhverfið. Draga sama námuveg frá síðasta mastri, fella frákastsefni að bakka tjarnar sem heldur sér að öðru leyti. Nýtilegt efni ætti að rúnna í hryggi slóðadruga námun og sá í hana í samráði við fagaðlia. Ekki ætti að sá í hauga með nýtilegu efni. Láta melgresi um myndun hryggja.

Plan undir sprengiefnageymslu. Fjarlægja eins mikið efni og kostur er. Ganga má frá efni sem eftir verður með þeim hætti að grafa skur meðfram jaðri plansins og ýta efni úr planinu í skurðinn og draga þess í stað sendið efni yfir planið. Þetta ætti að bera undir fagstofnanir því væntalega verður þetta svæði grætt upp og plantað í það trjáplöntum.

Niðurstaða eftirlits: Frágangur er ekki hafinn í námum. Umgengni er góð.

Björn Stefánsson

f.h. Umhverfisstofnunar